



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Nefndarsvið Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/579*  
*komudagur 11.1.2006*

Reykjavík, 9. janúar 2006.  
Tilvísun: 200511-0032

### **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 14. mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagna tillaga til þingsályktunar um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 14. mál. Í greinargerð með tillögunni er fjallað um það mikla brottfall sem er meðal nemenda úr framhaldsskólum hér á landi og bent á að öflug náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum geti verið öflugt tæki í baráttunni gegn brottfallinu.

Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað fjallað um brottfall nemenda úr framhaldsskólunum og lagt áherslu á mikilvægi þess að dregið verði úr því eins og kostur er, enda eigi framhaldsskólinn að þjóna öllum nemendum óháð áhugasviðum þeirra og hæfileikum. Ljóst er að margt þarf að koma til ef ásættanlegur árangur á að nást í þessum efnum. Það gildir m.a. um fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi við allra hæfi, aðstæður nemenda til náms og fleiri þætti. Einn af þeim þáttum sem hér skipta máli er að efla náms- og starfsráðgjöf til nemenda og að hún hefjist strax í efri bekkjum grunnskóla.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusamband Íslands farmkomna tillögu til þingsályktunar og leggur til að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ